

2. fundur stjórnar Beint frá býli, haldin að Hraunsnefi 15. apríl 2013.

Allir aðalmenn mættir, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Sölusíða Beint frá býli. Guðmundur kynnti sölusíðuna og áhveðið að senda kynningarefni á félagsmenn til skoðunnar.
2. Blómleg Bú. Guðmundur greindi frá aðkomu Beint frá býli að verkefninu Blómleg bú. Því er nú að ljúka, en Bfb styrkti verkefnið, ásamt loforði um kaup á 120 til 150 diskum.  
Þá hefur formaður verið í sambandi við Svavar Halldórsson og Þóru Arnardóttur, en þau eru að vinna að sjónvarpsþáttum þar sem m.a. er fjallað um heimavinnslu.  
Verkefnið Krækiberjablús, sem fór af stað sumarið 2012 er einnig enn í vinnslu, en stefnt hafði verið að því að það færi í sýningu um nýliðna páska.
3. Hrafnagilshátíð 2013. Beint frá býli verður með bás og hafa 5-6 aðilar nú þegar skráð sig til þátttöku. Rætt var um að setja á fót undirbúningsnefnd og útbúa kynningarefni.
4. Gæðamerki fyrir Nýja Bæ, en þar er framleitt nautakjöt. Samþykkt
5. Kynningarmál. Áhveðið að taka þátt í vegahandbókinni, bæði íslensku og ensku útgáfunni.
6. Rætt um kaup á umbrotsforriti, Guðmundi falið að kanna það áfram.
7. Tölvumál. Samþykkt að kaupa tölvur fyrir stjórnarmenn.
8. Skoðunnarkönnun meðal félagsmanna um félagið og starfsemi. Hanna í Mýrarnauti hefur verið að vinna að gerð á viðhorfskönnun meðal félagsmanna og er hún langt komin. Reiknað með að hún verði send út til félagsmanna í byrjun sumars.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Þorgrímur ritaði fundargerð.